

## Fundargerð

33. stjórnarfundur FHA haldinn 2. mars, 2012 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og Páll Björnsson sem situr í nefnd um rannsóknarmisseri. Fundinn sátu: Guðmundur Óskarsson (GÓ), Hjördís Sigursteinsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Páll Björnsson og Kristín Þórarinsdóttir (KP). Kristín Þórarinsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Rannsóknarmissiri

Páll Björnsson kom á fundinn og kynnti tillögur um rannsóknarmisseri sem unnin hafa verið í rannsóknarmisseranefnd. Þá hafði Guðmundur Óskarsson unnið minnis­punkta varðandi þessar tillögur. Tillögurnar voru ræddar og kostir þeirra og gallar. Ákveðið var að halda opinn félagsfund í framhaldi til að kynna tillögurnar og bera þær undir félagsmenn. Einnig var ákveðið að Páll myndi kynna eldri reglur um rannsóknarleyfi á fundinum.

2. Önnur mál

a) Ein umsókn um styrk var samþykkt.

Fundi slitið kl. 13.